FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á

Miðvikudagur 20. nóvember 2019 | 41. tbl. 17. árg. Upplag 10.500 eintök. Dreift vikulega frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Hádegistilboð!
3 réttir
1.850 kr.
Hrísgrjón fylgja með
Coke fylgir með!
20% afsláttur af kvöldmatseðli
Liyuan Chinese Restaurant
Opið kl. 11-14 og 16-21 virka daga og kl. 16-21 um helgar.
Reykjavíkurvegi 68 | 551 8168

A -stöðin
TAXI
Hafnfirska leigubílastöðin
520 1212

Jón Ari Luss
KÖKULIST
Treystu mér fyrir veislunni!
www.kökulist.is
Firði • sími 555 6655

Hönnun & umbrot
HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
hhus@hhus.is | stofnað 1990

Áfram mikill hagnaður af Vatnsveitu

Tillaga að fjárhagsáætlun hefur verið lögð fram

Tillaga að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar var lögð fram á bæjarstjórnarfundi sl. miðvikudag. Meðal þess sem meirihlutinn leggur áherslu á í kynningu á fjárhagsáætluninni er að „heildarálagning fasteignagjalda lækki með lægri vatns- og fráveitugjöldum til að koma á móts við hækkun fasteignamats.“ Með þessu er einfaldlega verið að blekkja bæjarbúa því það er ekki og á ekki að vera neitt samhengi á milli skatta og gjalda af þjónustu sem sveitarfélagið veitir.

Ljósmynd: Guðni Gíslason

Vatnsverndarsjónarmið tefja framleiðslu á snjó í Bláfjöllum.

Álagningarstofn íbúðarhúsnæðis hækkar um 7,6% og hækka fasteignaskattar því um svipað hlutfall en hafa ber þó í huga að í þeirri hækkun eru einnig nýjar fasteignir. Í lögum eru ákvæði um hagnað af rekstri vatnsveitna sveitarfélaga og er mjög takmarkað hversu mikinn hagnaður má vera af rekstri veitnanna.

Þrátt fyrir aðgerðir til að lækka álagningarprósentuna þá hefur hagnaður af rekstri Vatnsveitu Hafnarfjarðar verið hlutfallslega gríðarlega mikill og var 39% af rekstrartekjum á síðasta ári.

Þó verður álagningarprósenta vatnsgjalds aðeins lækkað um 7%, úr 0,058% í 0,054% á sama tíma og álagningarstofninn hækkar um 7,6%.

Frh. á bls. 6

Er nýja heimilið þitt í Hafnarfirði kannski hjá okkur?

Skoðaðu lausar eignir á **heimavellir.is**

HEIMAVELLIR
ÖRUGGLEIGA

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja · **Dreifing:** Íslandspóstur
ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn

Samherjamálið sem hefur verið á allra vörum hefur tekið á sig nýja mynd. Mynd sem tengist okkur Hafnfirðingum og ákvörðunum stjórnmálamanna.

Eins og komið hefur fram hófst Samherjaævintýrið í Hafnarfirði. Það efldist þar enn frekar er meirihluti bæjarstjórnar ákvað árið 1985 að selja Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og þá þrjá togara sem útgerðin átti. Þetta og fleira má lesa í skrifum Gunnar Smára Egilssonar sem hefur rakið sögu Samherja og dregur ekkert undan, a.m.k. ekki frá hans sjónarhóli. Með sölunni hvarf nær öll fiskvinnsla úr Hafnarfirði þrátt fyrir loforð um annað. Þá var lítið talað um verðmæti aflaheimilda en í samantekt Gunnars Smára segir að Hafnfirðingar hefðu orðið af sem samsvarar 29,5 milljörðum kr. í dag.

En mál Samherja í dag er táknmynd græðginnar og algjörs ónæmis á samfélag mannanna. Að einhver sé svo tilbúinn að skrifa þetta á veikt og spillt stjórnkerfi í viðkomandi landi er eins og að kenna stuttu pilsi um nauðgun.

Það virðist sýna sig enn og aftur að fólk fer engu betur með frjálsræði en einræði. Það virðist vera svo freistandi að misnota aðstöðu sína og skara sífellt meiri eld að sinni köku án þess að hugsa um hagsmuni heildarinnar.

Ég er hræddastur um að saksóknaraembættið og dómskerfi okkar sé ekki fært um að takast á við svona mál frekar en svo mörg önnur mál þar sem fólk hefur skarað eld að sinni köku, svikið undan skatti og brotið þær reglur sem mögulegt er að brjóta án þess að áberandi sé. Svona mál virðast tefjast of lengi, undirbúningur ekki nægur og mál látin niður falla eða refsingar allt og vægar vegna málaflækju og óljósra reglna.

Það virðist allt vera einfalt og skýrt steli menn einu lambalæri í næstu búð. Þá er engin miskunn og og við endurtekin brot geta menn lent á bak við lás og slá. Ekki óska ég neinum að lenda í fangelsi en hver er sinnar gæfu smiður og menn þurfa að taka afleiðingum gjörða sinna.

Mikilvægast er þó að í samfélagi okkar verði hugarfarsbreyting þar sem heiðarleiki, náungakærleikur og gott siðferði verði í hávegum höfð – líka í fyrirtækjarekstri.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Sunnudagur 24. nóvember

Tónlistar-guðsþjónusta kl. 11

Gaflarakórinn
syngur undir stjórn
Kristjönu Þ. Ásgeirsdóttur

Verið velkomin!

Kyrrðarstund
á miðvikudögum kl. 12:10.
Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

Sunnudagurinn 24. nóvember:

Sunnudagaskóli kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Sunnudagur 24. nóvember

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Egill Friðleifsson flytur hugvekju.

Kertaljósakvöld kl. 20

Fjarðartónar syngja undir stjórn Keith Reed.

Sigurbjörn Þorkelsson flytur hugvekju.

Hægt að kveikja á kertum í fyrirbæn eða í minningu látinna ástvina.

Laugardagur 23. nóvember

Námskeið í kyrrðar- og fagnaðarbæn kl. 9-17

Námskeiðsgjald kr. 5.000

Bylgja Dís fræðslufulltrúi veitir upplýsingar í síma 661 7719.

Þriðjudagur 26. nóvember

Orgeltónleikar kl. 12.15-12.45

Guðmundur Sigurðsson leikur.

Aðgangur ókeypis.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Ljósm.: Guðni Gíslason

Hafnfirskir skátar hafa byggt upp útivistarparadís við Hvaleyarvatn og eru hvergi nærri hættir. Þeir áttu ekki sína hlýjustu nótt skátarnir í þessu tjaldi um helgina en þeir voru yfir sig ánægðir enda veðrið fallegt þegar þeir vöknuðu. Vonandi eiga Hafnfirðingar eftir að eignast enn stærri útivistarparadís í Kjóadal.

Eldhugar syngja í Eldborg

Garðar Cortes stjórnar mikilli tónleikaveislu kóra eldri borgara

„Eldhugar syngja í Eldborg“ kviknaði sem hugmynd í lok júlí hjá Garðari Cortes sem fékk til samstarfs sjö kóra eldri borgara af suðvesturhorni landsins, frá Akranesi, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Hveragerði og Selfossi.

Gaflarakórinn í Hafnarfirði ákvað strax að vera með og hefur verið æft frá því í september og mætti Garðar á æfingu með kórnum sl. mánudag og stjórnaði lögunum sem kórinn mun syngja af mikilli röggsemi. Sungin verða ættjarðarlög, lög í raddsetningum Jóns Ásgeirssonar og nýrri lög. Einnig fær fólkið í salnum að syngja.

Hátt á þriðja hundrað söngvarar taka þátt í tónleikunum sem Garðar mun stjórna. Tónleikarnir hefjast kl. 16 í Eldborg þann 1. desember en á undan mun tveir kórar stíga á stokk.

Miðinn kostar 3000 kr. og er frjálst sætaval. Miða er hægt að nálgast í Hraunseli, hjá kórfélögum eða á Tix.is

Fleira á döfinni hjá kórnum

Gaflarakórinn mun syngja víða fyrir jólin, m.a. syngur kórinn við messu í Víðistaðakirkju á sunnudaginn kl. 11.

Mánudaginn 2. desember syngur kórinn í Drafnarhúsinu kl. 11, laugardaginn 7. desember tekur hann þátt í Syngjandi jólum í Hafnarborg og syngur þar kl. 13.40, 9. desember syngur hann í Ísafold í Garðabæ og svo á Hrafnistu þann 11. desember kl. 13.30 svo það er nóg að gera hjá þessum öfluga kór eldri borgara í Hafnarfirði.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Garðar Cortes er þekktur fyrir að stjórna af mikilli innlifun og kann að ná því besta úr hverjum söngvara.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Gaflarakórinn er öflugur kór eldri borgara í Hafnarfirði þar sem sungið er af mikill gleði.

JÓLADAGUR
Carita snyrting
Árlegi jóladagurinn okkar
verður haldinn fimmtudaginn
28. nóvember
frá kl. 11:00 - 19:00
Tveir heppnir geta unnið veglegan vinning í happdrætti dagsins
20% afsláttur
af gjafabréfum og vörum þennan eina dag.
CARITA snyrting
Carita snyrting ◆ www.carita.is ◆ Dalshraun 11 ◆ Sími 555 4250

Samið um Barnvæn sveitarfélög

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, undirrituðu sl. mánudag samstarfssamning um réttindi barna á Íslandi.

Samningurinn er um stuðning félagsmálaráðuneytisins við innleiðingu á verkefninu Barnvæn sveitarfélög UNICEF, með það fyrir augum að stuðla að því að íslensk stjórnvöld og öll sveitarfélög á Íslandi hafi á næsta áratug hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tileinkað sér barnaréttindanálgun í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum. Þar með skipar Ísland sér í fremstu röð meðal þeirra ríkja sem hvað best standa vörð um réttindi barna. Samningurinn er undirritaður í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Samhliða því að bjóða sveitarfélögum á Íslandi að taka þátt í innleiðingunni verður öllum sveitarfélögum á landinu boðið að nýta sér svokallað mælaborð um velferð barna innan sveitarfélagsins. Verður það gert í samvinnu við Kópavogsbæ sem leitt hefur þróunarverkefni þess efnis í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi. Sveitarfélög munu þannig geta greint með markvissum hætti þau tölfræðigögn sem til eru um velferð barna innan sveitarfélagsins og nýtt við stefnumótun, fjárhagsáætlanagerð og ákvarðanatöku.

HVAÐ ERU BARNVÆN SVEITARFÉLÖG?

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður markvissa við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga út um allan heim frá 1996. Þótt ríkisvaldið beri formlega ábyrgð á að uppfylla Barnasáttmálann verður sáttmálinn aldrei að fullu innleiddur inn í íslenskt samfélag, nema í samstarfi við íslensk sveitarfélög. Það eru sveitarfélögin sem annast stærstan hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi skrifa undir samkomulagið.

Rekstrarsamningur um Skessuna

ÍBH úthlutar 67% af gæðatímum

Nokkuð hefur dregist að Hafnarfjarðarbær og FH geri rekstrarsamning um Skessuna, nýja knattspyrnuhúsið. Samningur verður þó lagður fram í bæjarráði á fimmtudag en að sögn Geirs Bjarnasonar, íþrótta- og tómstundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar hefur samningur tafist m.a. vegna vinnu við eignaskiptasamninga í Kaplakrika.

Ef marka má samningsdrögin kaupir Hafnarfjarðarbær 67% af tímum í knattspyrnuhúsinu á gæðatímum, þ.e. frá kl. 15 til 22 á daginn og fær Íþróttabandalag Hafnarfjarðar tímana til úthlutunar eins og í öðrum íþróttahúsum.

Er tímunum úthlutað til íþróttafélaganna í samræmi við iðkendafjölda og því má reikna með að FH fái um og yfir 60% af tímunum til sín þar sem félagið er með flesta iðkendur í knattspyrnu.

SNÖRP UMRÆÐA Á SAMFÉLAGSMIÐLI

Snörp umræða varð á Facebook á mánudag um tímaúthlutanir í kjölfar fyrirspurnar Gunnars Axels Axelssonar, fyrrum bæjarfulltrúa til Valdimars Svavarssonar, formanns knattspyrnudeildar FH og Ágústs Bjarna Garðarssonar formanns bæjarráðs.

Þar spurði Gunnar Axel:

„Getur það verið að senda eigi krakka úr Hafnarfirði inn í Kópavog að æfa fótbolta í Kórnum vegna þess að til standi að leigja nýja knatthúsið í Kaplakrika til annarra, m.a. KSÍ? Og tekjurnar af því fari eitthvað allt annað en í bæjarsjóð en bærinn eigi hinsvegar að greiða fyrir leigu fyrir hafnfirsk börn sem muni æfa í Kópavogi? Vona að þetta sé ekki svona en þar sem þetta er umræðan í bænum þá væri gott að fá þetta beint í æð frá ykkur innanbúðarmönnum í Kaplakrika.“

Nú mun rekstrarsamningurinn verða afgreiddur á fundi bæjarráðs á fimmtudag og eignaskiptasamningur eftir tvær vikur en hann byggir á ákvæðum í gömlum samningi bæjarins um byggingu fyrsta íþróttahússins í Kaplakrika þar sem ákvæði var um að félagið eignaðist húsið að ákveðnum árum liðnum.

Ráðist á tekjulága, aldraða og öryrkja

Nú stendur yfir vinna við gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðar fyrir næsta ár. Með gjaldskrárhækkanir að vopni ræðst meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar á þau sem minnst mega sín: tekjulágt fólk, aldraða og öryrkja.

Lagt er til að heimaþjónusta aldraðra og öryrkja hækki um 24% á næsta ári.

Lagt er til að akstursþjónusta aldraðra hækki um 100% á næsta ári.

Lagt er til að leiga á félagslegum íbúðum hækki um 21% á næsta ári.

Óskar Steinn Ómarsson

SVIKIN LOFORÐ

Gjaldskrárhækkanir meirihlutans ganga þvert gegn tilmælum Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga um að opinber gjöld hækki ekki um meira en 2,5%. Þá eru hækkanirnar í hróplegu ósamræmi við loforð Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu kosningar um að „halda áfram að lækka þjónustugjöld“.

Fyrir kosningar lofaði Framsókn að „bæta akstursþjónustu“ og „stórauka heimaþjónustu“ við eldri borgara. Flokkurinn gleymdi bara að taka fram að fyrst stæði til að hækka þjónustugjöldin um 24-100%.

SAMFYLKINGIN MÓTMÆLIR GJALDSKRÁRHÆKKUNUM

Á bæjarstjórnarfundi í síðustu viku lagði Samfylkingin til að fallið yrði frá gjaldskrárhækkunum umfram 2,5%. Samfylkingin lagði einnig til að í stað gjaldskrárhækkana á tekjulága, aldraða og öryrkja yrði útsvarið frekar fullnýtt til að standa undir þjónustu við þessa hópa. Þá lagði Samfylkingin til hækkun á frístundakorti eldri borgara, ókeypis strætókort fyrir börn og uppbyggingu leikskóla í Öldutúnsskólahverfi. Bæjarstjórn tekur afstöðu til þessara tillagna á fundi 11. desember.

Jafnaðarmenn vilja byggja upp samfélag sem hlúir vel að þeim sem höllustum fæti standa. Ég trúi því að þorri Hafnfirðinga sé sömu skoðunar og taki því undir mótmæli okkar gegn fyrirhuguðum hækkunum meirihlutans á þjónustu við öryrkja og aldraða og á leigu þeirra sem búa í félagslegum íbúðum.

Höfundur er varaforseti Ungra jafnaðarmanna.

Kynstrin öll

JÓLADAGSKRÁ BÓKASAFNS HAFNARFJARÐAR

Fimmtudaginn 21. nóvember kl 20

Upplestrarkvöld

Bergur Ebbi - Skjáskot

Guðrún Eva Mínervudóttir - Aðferðir til að lifa af

Sólveig Pálsdóttir - Fjötrar

Díana Sjöfn Jóhannsdóttir - Ólyfjan

PALLETT Við sköpum kaffihúsastemningu í samstarfi við Pallett sem sér um veitingasölu

Laugardaginn 23. nóvember kl. 12

Upplestur fyrir yngri börn

Sigrún Eldjárn - Sigurfljóð í grænum hvelli!

Arndís Þórarinsdóttir - Nærbuxnanjósnararnir

Vel heppnað Meistaramót í badminton

Badmintonfélag Hafnarfjarðar vann til 21 verðlauna

Um helgina fór Meistaramót BH 2019 fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu en keppt var í einliða-tvíliða- og tvenndarleik í meistara-, A- og B-flokkum fullorðinna. Alls tóku 93 keppendur frá sjö félögum þátt í mótinu: Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, KA, Samherja og TBR. BH-ingar voru fjölmennastir með 43 keppendur og TBR-ingar næst fjölmennastir með 28 keppendur.

Í meistaraflokki náðu þrír keppendur að sigra tvöfalt. Erla Björg Hafsteinsdóttir, BH, sigraði í tvíliðaleik ásamt Elsu Nielsen, TBR, og í tvenndarleik ásamt Davíð Bjarna Björnssyni, TBR. Davíð Bjarni sigraði einnig í tvíliðaleik ásamt Eiði Ísak Broddasyni, TBR, en Eiður sigraði auk þess í einliðaleik karla. Í einliðaleik kvenna sigraði Sólrún Anna Ingvarsdóttir, BH.

Gústav Nilsson, TBR, sigraði tvöfalt í A flokki en hann var í fyrsta sæti í tvíliðaleik ásamt Stefáni Árna Arnarssyni, TBR, og í tvenndarleik ásamt Guðbjörgu Jónu Guðlaugsdóttur, TBR.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Erla Björg Hafsteinsdóttir úr BH og Davíð B. Björnsson úr TBR.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Anna Lilja Sigurðardóttir og Borgar Ævar Axelsson úr BH.

BH-ingarnir Anna Lilja Sigurðardóttir og Elín Ósk Traustadóttir sigruðu í tvíliðaleik kvenna og Eyrún Björg Guðjónsdóttir í einliðaleik kvenna. Í einliðaleik karla sigraði Davíð Örn Harðarson, ÍA.

Guðmundur Adam Gígja, BH sigraði tvöfalt í B-flokki en hann varð í 1. sæti bæði í einliðaleik og tvíliðaleik ásamt Jóni Sverri Árnasyni, BH. Í einliðaleik kvenna sigraði Natalía Ósk Óðinsdóttir, BH, og tvíliðaleik kvenna Arndís Sævarsdóttir og Svanfríður Oddgeirsdóttir úr Aftureldingu. Í tvenndarleik voru sigurvegar Irena Rut Jónsdóttir og Arnór Tumi Finnsson úr ÍA.

BH-ingar unnu 21 verðlaun á mótinu og má finna lista yfir alla verðlaunahafa á tournamentsoftware.com.

Æfa sig á gönguskíðum á malbiki

Aukinn áhugi á skíðagönguíþróttinni í Hafnarfirði – Fjölmennt var í Bláfjöllum um helgina

Nýtt gönguskíðafélag hefur verið stofnað, Gönguskíðafélag Hafnarfjarðar, en hvatamaður að stofnun þess er Sveinbjörn Sigurðsson, gönguskíðakennari og sjúkraþjálfari.

Félagið fer rólega af stað og frekar óformlega en æfingar á rúlluskíðum eru þegar hafnar. Æfingarnar hafa verið ýmist á þriðjudögum eða miðvikudögum kl. 17.30 og mæting hefur verið við skolpdælustöðina í Hraunavík og hefur fólk æft sig á malbikuðum stíg sem liggur að golfvelli Keilis. Er félagið skilgreint sem áhugahópur um eflingu gönguskíðaíþróttarinnar á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu.

Fallegt veður var og fullt tungl lágt á lofti þegar blaðamaður Fjarðarfrétta kíkti á æfingu og fékk að prófa rúlluskíðin í myrkrinu. Malbikaði stígurinn hentar vel, hefur bæði sveigjur og hæðir sem reynir á gönguskíðafólkið en á einstökum stöðum voru litlir steinar sem ekki sáust þrátt fyrir góð ennisljós, en þeir geta verið varasamir.

Nú er fyrsti snjórinn kominn í Bláfjöll og spor eru lögð þegar vel viðrar. Rúmlega 1 kom hringur var lagður á Leirunum um helgina en væntanlega verður brautin lengd inn í nýstækkað lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar þegar bætir í snjóinn.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Mjög gott gönguskíðafæri var í Bláfjöllum um síðustu helgi.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Æfingahópur. Sveinbjörn Sigurðsson, skíðagöngukennari til hægri.

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

21. nóv. kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Valur, bikarkeppni karla

21. nóv. kl. 19.30, Seltjarnarnes
Grótta - FH, bikarkeppni karla

24. nóv. kl. 17, Framhús
Fram - FH, úrvalsdeild karla

25. nóv. kl. 19.30, Austurberg
ÍR - Haukar, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KONUR:
FH - ÍBV 2: 32-20
Haukar - HK: 29-23
Haukar - ÍBV: 29-25

ÚRSLIT KARLAR:
FH - Stjarnan: 26-26
Haukar - Fjölnir: 32-24
FH U - Haukar U: 32-36

KÖRFUBOLTI:

22. nóv. kl. 18.30, Ásvellir
Haukar - Keflavík, úrvalsdeild karla

24. nóv. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Skallagrímur, úrv. kvenna

ÚRSLIT KARLAR:
Tindastóll - Haukar:

Auglýsingar
sími 565 4513 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Fært á stafrænt form
Tek að mér að færa vídeó, slide, ljósmyndir yfir á DVD diska eða flakkara.
Fesbook/heima var best, sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Fjárhagsáætlun - framhald

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 37,2% hagnaði af heildartekjum Vatnsveitunnar. Því greiðir íbúðareigandi örlítið hærra vatnsgjald í krónum talið en á þessu ári.

Álagningarhlutfalla holræsagjalds er einnig lækkað um 7%, úr 0,129% í 0,120% og að sama skapi vegna hækkaðs fasteignamats húsa hækkar holræsagjaldið örlítið. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 45,6% hagnaði af heildartekjum Fráveitunnar. Hafnarfjarðarbær innheimtir fasteignaskatta, 0,26% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og 1,4% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis.

Álagningarstofn atvinnueigna hækkar um 6,9% og lóðamat um 5,4% og hækka fasteignaskattar fyrirtækja því samsvarandi. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á fyrirtæki er hins vegar lægri en í nágrannasveitarfélögunum utan Seltjarnarness.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er hæst í Hafnarfirði samanborið við nágrannasveitarfélögin og er 18,2% hærri en í Kópavogi 44,4% hærri en í Reykjavík.

AFGANGURINN AF B-HLUTA FYRIRTÆKJUM

Í áætluninni er gert ráð fyrir aðeins 14,6 milljón kr. rekstrarafgangi A-hluta Hafnarfjarðarkaupstaðar en hins vegar er gert ráð fyrir 776,3 millj. kr. rekstrarafgangi af B-hluta fyrirtækjum, Hafnarsjóði, Húsnæðisskrifstofu, Vatnsveitu og Fráveitu sem er 31,3% af rekstrartekjum þessara stofnana.

Gert er ráð fyrir 2,9 milljarðs kr. framlagi jöfnunarsjóðs og því þarf lítið út af að bera til að rekstur verði neikvæður.

Mandarínujól Kvennakórsins

Jólatónleikar í Víðistaðakirkju 5. desember

Kvennakór Hafnarfjarðar heldur jólatónleika í Víðistaðakirkju fimmtudaginn 5. desember kl. 20.

Hátíðarstemning og gleði einkenna efnisskrá tónleikanna. Lagavalið er fjölbreytt, flutt verða sígild og þekkt jólalög, klassísk hátíðarverk auk jólalaga sem eru nýrri af nálinni og standa nær okkur í tíma.

Yfirskrift tónleikanna, Mandarínujól, er tilvísun í lagið Myrkur og Mandarínur en bæði lag og texti er eftir þær Sigríði Eir og Völu í Hljómsveitinni Evu. Lagið var sérstaklega útsett fyrir

Ljósm.: Helða Dís.

Af skipulagsmálum

Núverandi meirihluti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur ekki setið auðum höndum á fyrri helmingi núverandi kjörtímabils. Formaður skipulags- og byggingarráðs, Ingi Tómasson, hélt áhugaverða kynningu nýverið á fyrirhuguðum framkvæmdum og uppbyggingu íbúðahúsnæðis næstu árin í Hafnarfirði. Loks sér fyrir endann á tilfærslu Hamraneslínu sem hefur lengi verið þyrnir í augum Hafnfirðinga og er löngu tímabært að færa hana fjær byggð. Það opnar á nýja byggð suður af Völlum þar sem um deiliskipulag gerir ráð fyrir 537 íbúðum af öllum stærðum. Rétt er að hvetja alla til að kynna sér það áhugaverða svæði og þær lóðir sem eru í boði á mjög aðgengilegri síðu. Slóðina má finna á skardshlidin.is. Uppbygging í Skarðshlíðinni gengur vel og er útlit fyrir að ekki verði langt í að það svæði verði fullmótað. Sérstaklega athyglisvert var að sjá breytingar á Aðalskipulagi fyrir Ásvelli þar sem fjölbýlishús móts við sundlaugina koma til með að rísa, á landi sem áður taldi til Hauka. En mesta athygli vekja fyrirhuguð áform við höfnina sem vænta má að taka muni miklum breytingum til hins betra með aukinni byggð og opnum svæðum sem munu bæta ásýnd þessa fallega hluta bæjarins og mynda heilsteyptari mynd með núverandi miðbæ. Niðurstöður samkeppni um svæðið hafa skilað stefnumótun um gagngerar endurbætur á svæðinu í takt við breytta tíma og nýtingu í anda þess sem við höfum verið að sjá gerast í löndunum í kringum okkur. Þetta ætti að glæða svæðið auknu lífi og bæta nýtingu á þess. Að lokum er rétt að víkja að vinnu á „5 mínútna“ hverfinu svokallaða, en það er vinnuheitið á uppbyggingaráformum frá Engidal að Flatahrauni og Fjarðarhrauni. Skipulag fyrir fyrsti áfanga þess svæðis er lokið og liggur fyrir hjá Skipulagsstofnun til endanlegrar samþykktar. Þar má vænta yfir 3000 íbúða byggðar með allri þjónustu í göngufæri og gjörbreytingu á því svæði frá því sem við þekkjum það í dag. Þannig virðist margt vera á döfinni og uppbyggingar að vænta um allan bæ á þessu kjörtímabili, en yfir 1000 íbúðir eru áætlaðar á þeim svæðum sem hafa nú þegar verið samþykkt og eru á leið eða nú þegar komin í útboð og uppbyggingarferli. Þegar svo mikil og jákvæð uppbygging á sér stað í bæjarfélaginu okkar, sem vænta má að leiði til fólksfjölgunar sem nema mun 2-3000 manns þá liggur beint við að spyrja hvernig skipulagi og nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngumálum miðar.

Hilmar Ingimundarson

Hvernig ætlum við að bæta á núverandi samgöngukerfi og hver eru áform um eflingu almenningssamgangna og úrlausnir á núverandi flöskuhálsum í gatnakerfi bæjarins sem við Hafnfirðingar stöndum frammi fyrir? Þar er ekki síst við að glíma þjóðvegaframkvæmdir, sem eru á verksviði ríkisins. Þær geta ráðið úrslitum um það hvort og hvenær metnaðarfull áform bæjaryfirvalda um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis samkvæmt aðalskipulagi geti gengið eftir. Það er e.t.v. viðfangsefni, sem kynna þyrfti frekar og gæti verið efni í aðra grein.

Höfundur er ráðgjafi og áhugamaður um skipulagsmál.

Kvennakór Hafnarfjarðar af Vilberg Viggóssyni og mun kórinn flytja lagið í fyrsta sinn á þessum tónleikum.

Eins og svo oft áður munu góðir gestir koma fram með kórnum á þessum jólatónleikunum. Einsöngvari verður hin ástsæla söngkona og útvarpskona, Guðrún Gunnarsdóttir, Antonía Hevesi leikur á píanó, Jón Rafnsson á bassa og flautuleikari er Guðrún Herdís Arnarsdóttir. Stjórnandi Kvennakórs Hafnarfjarðar er Erna Guðmundsdóttir.

Kvennakór Hafnarfjarðar býður ykkur hjartanlega velkomin á jólatónleika kórsins í Víðistaðakirkju og hlakkar til að eiga með gestum sínum hátíðlega stund á aðventunni. Miðaverð er 3.000 kr. og fer miðasala fram hjá kórkonum og við innganginn. Einnig má senda tölvupóst á kvennakor.hafnarfjardar@gmail.com. Ókeypis er fyrir börn 12 ára og yngri. Að venju verður tónleikagestum boðið að þiggja létta hressingu í tónleikahléi.

Þess má geta að í október sl. hlaut Kvennakór Hafnarfjarðar styrk til tónleikahalds frá menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar og er slíkur stuðningur ákaflega mikils virði fyrir kórinn og styrkir starf hans að sögn talskonu kórsins.

Íþróttamynd ársins

Ljósmyndasamkeppni ÍBH

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar hefur hrundið af stað ljósmyndasamkeppni um íþróttamynd ársins í Hafnarfirði 2019.

Keppnin er opin öllum, áhugafólki sem fagfólki en skilyrði eru að myndirnar séu teknar árið 2019.

Hver þátttakandi getur sent inn ótakmarkaðan fjölda ljósmynda eða þrjár myndaraðir úr sömu íþróttagrein.

Skilafrestur mynda er 10. janúar 2020 en á heimasíðunni www.ibh.is er rafræn umsóknargátt sem nota skal til að senda inn myndir.

Ljósm.: Guðni Gíslason

VEGLEG VERÐLAUN

Dómnefnd sem samanstendur af skipuleggjendum og fagfólki metur síðan myndirnar og veitt eru þrenn verðlaun:

1. verðlaun: 200.000 kr.
2. verðlaun: 100.000 kr.
3. verðlaun: 50.000 kr.

Allar innsendar myndir verða teknar saman í myndaskrá og birtar á vef-miðlum til kynningar en verðlauna-myndirnar verða kynntar hér í Fjarðarfréttum og á sýningu sem ÍBH heldur.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar áskilur sér rétt til að nota innsendar myndir í kynningum sem tengist starfi ÍBH þar sem höfunda er getið. Myndunum verður ekki miðlað áfram til þriðja aðila.

Kynstrin öll

JÓLADAGSKRÁ BÓKASAFNS HAFNARFJARÐAR

Þriðjudaginn 26. nóvember kl. 17

Upplestur fyrir eldri börn

Benný Sif Ísleifsdóttir – Álfarannsóknin

Ævar Þór Benediktsson – Þinn eigin tölvuleikur

Fimmtudaginn 28. nóvember kl 20

Upplestrarkvöld

Andri Snær Magnason – Um tímann og vatnið

Fríða Ísberg – Leðurjakkaveður

Dóri DNA – Kokkáll

Dagur Hjartarson – Við erum ekki morðingjar

PALLETT

Við sköpum kaffihúsastemningu í samstarfi við Pallett sem sér um veitingasölu

Deilt um biðstöð á hringtorgi

Íbúar í Áslandi hafa lýst óánægju sinni með færslu á biðstöð strætó af Vörðutorgi yfir á Ásbraut, rétt við hringtorgið og telja að engu minni hætta stafi af því þar og jafnvel meiri. Var biðstöðin færð eftir athugasemdir lögreglu um að bannað væri að stöðva á hringtorgi en biðstöðin var þá færð eftir að hafa verið í hringtorginu frá því strætó fór að aka í Ásland 2.

Málið mun vera í skoðun hjá skipulags- og byggingarsviði.

Átta leirlistakonur með opið hús

Hafa rekið leirlistaverkstæði við höfnina í átta ár

Átta konur reka saman lítið keramik verkstæði að Fornubúðum 8. Nefna þær verkstæðið Gáru en allar vinna þær með leir, ýmist við handmótun, rennslu eða annars konar leirvinnslu.

Þær hafa unnið saman síðastliðin 7 ár með vinnustofuna við smábátahöfnina þar sem þær takast á við ýmis konar verkefni, bæði nytjahluti og skrautmuni.

Vinnustofan fer í sparifötin með opnu húsi nú fyrir jólin og einnig á sjómanna-daginn og á öðrum tillidögum.

Það verður opið hús hjá Gáru handverki núna um helgin þar sem þær verða búnar að raða listmunum á stóra vinnuborðið. Einnig verður opið aðra helgi og föstudagskvöldið 29. nóvember kl.17-19. Opið verður frá kl. 12 til kl. 17 báðar helgarnar.

Ljósm.: Guðni Gíslason

Elsa Blöndal, Elsa, Ásta, Edda, Jónína og Lilja. Á myndina vantar Huldu og Ragnhildi.

Jólagjafahandbókin gudni@fjardarfrettir.is | 565 4513 - 896 4613 kemur út 4. desember

Mikill áhugi á íbúðum sem komnar eru í sölu í Skarðshlíð

Fyrstu íbúðirnar komnar í sölu og búist við mikilli fjölgun íbúa á næsta ári

Eitt umtalaðasta hverfi Hafnarfjarðar er Skarðshlíðarhverfið sem upphaflega var kallað Vellir 7. Hverfið var upphaflega deiliskipulagt árið 2007 þegar íbúar Hafnarfjarðar voru um 24 þúsund en árið áður hafði íbúum fjölgað um 5,4%.

Lóðir voru tilbúnar árið 2008 og seldust vel en eftir bankahrun var öllum lóðum skilað. Á þeim 11 árum sem liðin eru hefur skipulagið verið endurgert oftar en einu sinni og hverfið hefur verð bitbein hafnfirsku stjórnmálaflokkanna.

Eignirnar eru að Drangsskarði 10 og eru byggðar af hann þar skammt frá. Ás er nú með í sölu fyrsta fjölbýlishúsið, 4 íbúða hús, og segir Aron að áhugi á eignunum sé mikill og strax hafi ein íbúðin selst og áhugasamir séu þessa dagana að skoða hinar íbúðirnar.

Fjögurra íbúða hús að Drangsskarði 10.

Svæðið er sunnan Grísaness sem liggur á milli Ástjarnarinnar og Vallahverfisins. Það liggur vel staðsett nálægt fallegum og vinsælum útivistarsvæðum og tengist í tvær áttir þegar ný Ásvallabraut verður komið í gagnið og tengist inn á Kaldárselsveg.

Loks nú eru fyrstu íbúarnir fluttir inn í einbýlishús í hverfinu. Skarðshlíðarskóli tók til starfa á síðasta ári og í ár tók leikskóli til starfa og byggingakranar eru áberandi í hverfinu.

Aron Freyr Eiríksson hjá Ás fasteignasölu segir þetta „geggjað hverfi“ en sjálfur býr Pálmari og Orra hjá hafnfirska verktakafyrirtækinu Pétri Ólafssyni byggingarverktökum ehf. Í sölu eru komnar 3ja og 4ra herbergja íbúðir og segir Aron áhugann mikinn og fyrirboða um það sem koma skal.

Aron Freyr Eiríksson.

Búist er við að íbúðir í stærri fjölbýlishúsunum í Skarðshlíð komi í sölu fljótlega eftir áramót og hvetur Aron áhugasama til að skrá sig á lista til að fá upplýsingar þegar íbúðirnar fara í sölu.

Þá segir að á næstu vikum komi síðasta fjölbýlishúsið sem er í bygginga á Völlum, á Eskivöllum 11, í sölu en Aron segir sölu íbúða og húsa í Hafnarfirði góða en það hafi vantað eignir í sölu.

Útsýnið er glæsilegt.

BAR GAMLI ENSKI 220

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi stærri og smærri hópa.

Gullnáman

Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Styrkir Mæðrastyrknefndar

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar mun taka á móti umsóknum **föstudaginn 22. nóvember kl. 16-18** og **laugardaginn 23. nóvember kl. 12-14** í húsnæði sínu að Hlíðarbraut 10. Næg bílastæði.

Hægt er að prenta út umsókn á www.maedrastyrksnefnd.is

Minnt er á að umsókn verður ekki tekin gild nema að búsetuvottorð og staðgreiðsluskrá með tekjum fyrir janúar til og með október 2019 fylgi umsókn.

Umsækjendur þurfa að eiga lögheimili í Hafnarfirði.

Þú getur styrkt!

Velunnurum er bent á reikning nefndarinnar: Íslandsbanki: 544-04-760686 | Landsbankinn: 0140-15-381231
Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar: 460577-0399